

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar, nr. 813/2018, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðanna „nú bæjarfulltrúum“ í 1. gr. samþykktarinnar kemur: 11 bæjarfulltrúum.

2. gr.

1. mgr. 8. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar heldur reglulega fundi bæjarstjórnar, þriðja miðvikudag í mánuði, kl. 17.00.

3. gr.

14. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Bæjarfulltrúa er heimilt að taka þátt með rafrænum hætti í fundum sveitarstjórnar og nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins. Þegar bæjarfulltrúi tekur þátt í fundi með rafrænum hætti skal hann vera staddur í sveitarfélaginu eða í erindagjörðum innan lands á vegum sveitarfélagsins. Að öðrum kosti skal varamaður boðaður á viðkomandi fund. Tryggja skal jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram og öryggi samskipta milli fundarmanna.

Fulltrúar í nefndum sveitarfélagsins hafa sömu heimildir og bæjarfulltrúar skv. 1. mgr.

Um framkvæmd fjarfunda að öðru leyti gildir auglýsing um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

4. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 8. mars 2022.*

F. h. r.

**Guðni Geir Einarsson.**

*Hafdís Gísladóttir.*